

Fylgiskjal.

Umsögn frá heilbrigðisnefnd.

Alþingi
Erindi nr. P 136/1117
komudagur 9.3.2009

Hinn 10. febrúar 2009 barst heilbrigðisnefnd erindi félags- og tryggingamálanefndar þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa, 259. mál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu S. Gunnsteinsdóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er kveðið á um rétt líffæragjafa, sem eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði eða stunda nám, til tímabundinna greiðslna að greindum skilyrðum geti þeir ekki stundað vinnu sína eða nám sitt vegna líffæragjafarinnar. Í athugasemdum frumvarpsins er þess getið að alvarleg bilun lífsnaðsýnlegra líffæra sé vaxandi heilbrigðisvandamál og eru nýru þau líffæri sem oftast eru grædd í sjúklinga. Lifandi líffæragjafar þurfa jafnan að leggja niður störf tímabundið eða, eftir atvikum, gera hlé á námi með tilheyrandi röskun og tekjutapi og af þeim sökum er eðlilegt að þeir fái til þess fjárhagslegan stuðning hins opinbera.

Nefndin styður frumvarpið og bendir á að í skýrslu vinnuhóps um stöðu lifandi líffæragjafa er komist að þeirri niðurstöðu að nýrnaígræðsla er að jafnaði hagkvæmari kostur við meðferð lokastigsnýrnabilunar en skilun (blóðhreinsun).

Nefndin leggur áherslu á að líffæragjafi hafi ekki fjárhagslegan ávinning af líffæragjöf en verði jafnframt ekki fyrir tapi kjósi hann að gefa líffæri. Með fjárhagslegum stuðningi er stuðlað að fjölgun líffæragjafa til að mæta aukinni þörf. Telur nefndin að þetta til bóta enda séu hagsmunir sjúklinga hafðir í fyrirrúmi.

Alþingi, 5. mars 2009.

Þuríður Backman, form.,
Ásta Möller,
Ellert B. Schram,
Eygló Harðardóttir,
Pétur H. Blöndal.